

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 155/2007 og reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 155/2007.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Bifreið, sem um getur í d-lið 1. mgr. má þó, að fenginni heimild Samgöngustofu, vera allt að 12,50 m að lengd sýni eigandi eða umráðamaður fram á sérstaka þörf fyrir aukna lengd, svo sem vegna eðlis flutningastarfsemi, skorts á hentugum bifreiðum í ætlaða flutninga eða sérstökum ávinningi af aukinni lengd. Bifreiðin skal þá vera með að lágmarki þrjá ása, sá aftasti skal vera stýrður/eltiás og bifreiðin skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til hópbifreiðar í hringakstri.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

2. gr.

Við lið 22.14 um vörubifreið í 22. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði liðar 22.14 (3) má vörubifreið, að fenginni heimild Samgöngustofu skv. reglugerð um stærð og þyngd ökutækja vera 12,50 m að lengd.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. og 82. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, janúar 2025.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.